

Ávarp fyrir hönd Bahá'í samfélagsins

Athöfn til heiðurs trés ársins 2020
Skógar í Þorskafirði, 29. ágúst 2020

Kæru vinir,

Ég færi Skógræktarfélagi Íslands þakkir Bahá'í samfélagsins.

Við fögnum þeirri ákvörðun að tengja val á tré ársins við tíðarandann og þær áskoranir sem þjóðin stendur nú frammi fyrir.

Til að öðlast innsýn í hlutskipti þessa trés skulum við fara aftur til ársins 1950. Þá var lýðveldið sex ára. Vegagerð hafði einnig haft mikil áhrif hér um slóðir. Fjögur ár voru þá liðin frá þeim tímamótum sem tenging Ísafjarðardjúps við þjóðvegakerfið um Þorskafjarðarheiði var. Þessi staður komst þá í þjóðbraut og allir sem leið áttu landleiðina til og frá Djúpinu fóru hér um.

Hvað var Jochum að fást við?

Hugsjónamaðurinn og brautryðjandinn Jochum M. Eggertsson hafði komið hér upp litlu gerði sem hann lýsti 1953 sem „skógræktar-uppeldisstöð“. Hér sést enn móta fyrir útlínum þess og stendur tréð í norðaustur-horninu óvarið fyrir norðaustanvindum sem móta mjög öll vaxtarskilyrði hér um slóðir.

Jochum hafði farið utan og leitað sér menntunar í Danmörku. Þar nam hann mjólkurfræði og náði valdi á krefjandi ostagerð meðal annars *Roquefort* blámygluosti úr sauðamjólk. Á námsárunum hafði hann einnig komist í snertingu við annað skógarumhverfi.

Hann var í tengslum við fremstu fagmenn þess tíma í skógrækt og leitaði sér þekkingar hvar sem hana var að finna. Nægir þar að nefna frumkvöðla á borð við Hákon Bjarnason skógræktarstjóra, sem einnig hafði stundað nám í Danmörku, og fyrsta íslenska landslagsarkitektinn, Jón H. Björnsson, sem stofnaði gróðrarstöðina Alaska 1953.

Viðhorf til skógræktar voru allt önnur á þeim tíma.

Á sextugsafmæli sínu 1956 birtir Jochum þakkir til vina og frænda sem hafa „styrkt mig í því vanþakkláta og erfiða verkefni: skógræktinni, og þeim tvísýnu tilraunum sem ég hef haft með höndum hér í Þorskafjarðarþingi undan farin 5 ár. Skógurinn þakkar og rís.“

Tímamót urðu 1959 þegar hann fékk styrk frá Skógrækt ríkisins til að friða meira land. Þetta gerði honum kleift að girða af stórt svæði hér ofan við gamla veginn og hefjast þannig handa við eiginlega skógrækt. Þar byggði hann sér einnig lítinn kofa sem stóð á sama stað og kofinn sem nú stendur.

Það eru fleiri merkar trjátegundir á þessum stað sem of langt mál yrði að kynna hér til leiks. Vil ég þó nefna fjallaþöll sem plantað var 1960 eða fljótlega upp úr því og þið munuð sjá þegar við göngum hér stuttan hring. Svo vel vill til að nú er fræár hjá þöllinni okkar en það gerist með nokkurra ára millibili. Fræin hafa spírað vel hjá gróðrarstöðvum á Akureyri og í Mosfellsdal sem tekið hafa við þeim. Á hún því nú þegar nokkur afkvæmi í nýræktinni hér utar á jörðinni.

En hvað knúði Jochum Eggertsson til að helga sig þessum stað?

Hann dáði föðurbróður sinn Matthías Jochumsson sem, eins og við öll vitum, fæddist í Skógum og var Jochum kominn á þrítugsaldurinn þegar Matthías kvaddi. Nú í nóvember verður öld liðin frá andláti hans.

Bæjarstæðið er hér uppi á hjöllunum sunnar á jörðinni. Matthías var á tólfta ári þegar hann fór þaðan, fyrr en hann hefði sjálfur kosið. Ljóst er af ljóðum og skráðum hugleiðingum hans að hann var tengdur staðnum tilfinningaböndum. Hann fylgist vel með skóglendinu og var hryggur yfir hnignun þess á hans lífstíð.

Matthías fór meðal annars ríðandi hér um allt um áttætt og geri aðrir betur.

Þessar tilfinningar kristallast í eftirfarandi bæn þjóðskáldsins frá efri árum hans:

*Friði drottinn fjörðinn minn
fósturbyggð og þingstaðinn,
blessi lýð og landsins plóg,
og lífgi við minn gamla skóg*

Jochum gekk ekki alltaf vel að rækta tengsl við nágranna og samtímamenn. Hann gat verið dómharður og fór sínar eigin leiðir. Þar var hann sjálfum sér verstur. Hann var fyrst og fremst knúinn áfram af hugsjón eins og trén sem hér standa bera glöggt vitni um.

Jochum komst í snertingu við boðun Bahá'u'lláh á fyrstu árum trúarinnar hér á landi og var meðal fyrstu bahá'ía. Hjá honum vaknaði sú von að það samfélag hefði skilning á tilgangi ræktunarstarfsins og myndi taka við kindlinum.

Hann lést 1966, sextán árum eftir að hann hófst hér handa. Í erfðaskrá ánafnaði hann Bahá'í samfélaginu Skógajörðina og lýsti þeim vilja sínum að „*haldið verði áfram byrjunarverki mínu og ræktunarstarfsemi í Skógalandi* .

Bahá'í samfélagið var veikburða á þessum tíma og ekki í stakk búið til að hefjast tafarlaust handa.

Fyrsta Landsþing bahá'ía á Íslandi var haldið 1972 þar sem kosið var til andlegs þjóðarráðs í fyrsta sinn, eins og gert hefur verið ár hvert síðan.

Sesselía Helgadóttur, sem síðast bjó í Skógum, var þá enn á lífi og var henni gefið það sviðrúm sem hún taldi sig þurfa áður en gengið var frá afsali.

Það er svo 1981 sem bahá'í samfélagið hefst handa fyrir alvöru við umhirðu þess skógar sem fyrir var og við frekari skógrækt. Í fyrstu var unnið út frá skóginum sem Jochum hafði lagt grunn að en svo færðist áherslan sunnar í landið.

Það markaði þáttaskil þegar samstarf við Skjólskága komst á 2005. Þá kom Arnlín Óladóttir skógræðingur, sem er hér meðal okkar, til liðs við okkur og hefur samstarfið við hana verið gjöfult og farsælt. Hún vann einnig fyrstu kerfisbundnu skógarúttektirnar.

Sunnan við gamla bæjarstæðið hafa verið friðaðir 86 ha innan skógræktargirðingar. Á síðasta ári var gengið frá samningi við Skógræktina til 40 ára sem byggir á eldri samningi frá 2005 við Skjólskága.

Við höfum einnig gengið til samstarfs við Landgræðsluna undir merkjum *Bændur græða landið* sem felur í sér áburðargjöf og sáningu í lítt gróið land.

Hvað tekur nú við?

Trú- og lífskoðunarfélög koma með nýja vídd inn í skógrækt þar sem þau nálgast viðfangsefnið á andlegum forsendum og hafa tök á að tengja hana við mannrækt á breiðum grunni.

Þjóðarráðið er nú að leggja mat á þann árangur sem þegar hefur náðst og marka framtíðaráherslur. Í því sambandi munum við leitast við að opna skóginn og auðvelda göngu um hann svo hann mæti betur aukinni þörf fyrir kyrrð til íhugunar og snertingar við náttúruna í hraða nútímans.

Við viljum einnig gera okkar besta við að halda á lofti sögu staðarins og tengingunni við Matthías. Þar munum við leita samstarfs við sveitarfélagið og aðra aðila sem halda vilja margbrotinni arfleifð hans á lofti. Í því sambandi leitum við samstarfsaðila til að tengja minnisvarðann, sem stendur niður við þjóðveginn, betur við bæjarstæðið t.d. með göngustíg og upplýsingaskiltum.

Sjálfböðastarf

Þetta starf hefur allt verið unnið í sjálfböðavinnu og hafa fjölmargir komið þar að verki. Hingað hafa einnig komið börn og unglingar, kynnst ræktunarstarfinu og orðið vitni að árangrinum.

Ég vil nefna tvö nöfn að þessu tilefni.

Björg Karlsdóttir var hér staðarhaldari meðan hún starfaði sem leikskólakennari á Reykhólum.

Af öðrum ólöstuðum þá hefur Böðvar Jónsson lyfjafræðingur lyft hér grettistaki.

Böðvar mun taka við viðurkenningarskjalinu fyrir hönd allra þeirra sem hér hafa lagt hönd á plóg.

Við viljum einnig þakka þeim fjölmörgu sveitungum okkar sem veitt hafa ómetanlega aðstoð í gegnum tíðina.

Ávarp þetta var flutt fyrir hönd Bahá'í samfélagsins af Halldóri Þorgeirssyni sem er einn af níu kjörnum meðlimum Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi.